

Ed.

483. Frumvarp til laga

[187. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 13.5 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð \$ 318 000.00 vegna sanddælingartækja, er vita- og hafnarmálastjórnin hefur fest kaup á.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð kr. 6.0 millj. vegna öryggis-tækja, er flugmálastjórnin hyggst festa kaup á.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð kr. 45.5 millj. vegna framkvæmda í raforku- og jarðhitamálum.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini, að upphæð allt að 100 millj. kr.

6. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 5. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

7. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 5. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55 1964.

8. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskirteina samkv. 5. gr., skal verja sem hér segir: Til landshafna: kr. 18.0 milljónir; til vega: kr. 30.8 milljónir; til flugmála: kr. 26.3 milljónir; til skóla: kr. 14.9 milljónir og til sjúkrahúsa: kr. 10.0 milljónir.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskirteini samkv. ákvæðum 6. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin, samkv. ákvæðum 5. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur um mörg undanfarin ár aflað fjár til ýmissa framkvæmda ríkisins og ríkisstofnana með lántökum. Hefur hér verið um að ræða erlendar lántökur, lántökur hjá innlendu viðskiptabönkunum og nú um tvö undanfarin ár sölu vísitölutryggðra ríkisskuldabréfa.

Í frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er heimildar óskað til að taka lán að upphæð samtals um 178.7 milljónir króna vegna framkvæmdaáætlunar ársins 1966. Umræddar 178.7 milljónir eru aðeins sá hluti þess fjár, er verja á til framkvæmda, sem lántökuheimild vantar fyrir. Fjármálaráðherra mun á næstunni gera nánari grein fyrir fjáröflun til framkvæmdaáætlunar.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 13.5 millj. kr. verði teknar að láni vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum. Á s. l. ári fékkst lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til samgöngubóta á Vestfjörðum. Líklegt er, að gerlegt sé að afla svipaðs lánsfjár í ár frá Viðreisnarsjóðnum og fékkst á s. l. ári.

Í 2. gr. frumvarpsins er óskað heimildar til að taka lán að upphæð \$ 318 000.00 vegna sanddælingartækja, er vita- og hafnarmálastjórnin hefur fest kaup á. Lán stendur til boða hjá Export—Import Bank of Washington, og á það að endurgreiðast á 7 árum með 5½% vöxtum.

Í 3. gr. er farið fram á heimild til lántöku vegna framkvæmda í öryggismálum flugþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að umræddar 6 milljónir fáiast að láni hjá seljendum þeirra tækja, er flugöryggisþjónustan hyggst kaupa.

4. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir heimild til lántöku vegna framkvæmda á vegum raforku- og jarðhitasjóðs. Mun verða leitað eftir fé til framkvæmda þessara hjá viðskiptabönkunum, af PL. 480 fé og úr héraði vegna sveitaveitna í Borgarfirði.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að gefin verði út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini, að upphæð allt að 100 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur tvö undanfarin ár fengið heimild til að gefa út vísitölutryggð spariskirteini, og eru ákvæði frumvarps þessa um ríkisskuldabréf og spariskirteini samhljóða ákvæðum laga nr. 59 frá 20. nóvember 1964.

8. gr. frumvarpsins greinir frá, hvernig ráðstafa skuli andvirði seldra spariskirteina.